

11. gr.

44

Fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert skal stjórn lendingarsjóðs gera reikning yfir tekjur og gjöld sjóðsins á liðnu ári. Reikninginn skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og sveitarsjóðsreikninga. 14. apríl

12. gr.

Í reglugerð, sem hreppsnefnd Fáskrúðsfjarðarhrepps semur og atvinnumálaráðuneytið staðfestir, skal kveða á um allt það, er lýtur að stjórn lendingarsjóðs, viðhaldi lendingarbóta, umferð og góðri reglu í lendingunni, báta- og bryggjugjöld og fleira, ef þurfa þykir.

Í reglugerð má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20—10000 kr. Sektir renna í lendingarsjóð.

13. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.

L Ö G

45

um breyting á hafnarlögum fyrir Húsavík, nr. 38 19. júní 1933. 14. apríl

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna skal orða svo:

Til hafnargerðar á Húsavík veitast úr rikissjóði $\frac{2}{5}$ kostnaðar, eftir áætlun, sem rikisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 1200000 — ein milljón og tvö hundruð þúsund kr. —, gegn $\frac{3}{5}$ hlutum frá hafnarsjóði Húsavíkur, enda sé ekki hafizt handa um framkvæmdir nema með leyfi rikisstjórnarinnar, að fengnum tillögum vitamálastjóra.

2. gr.

Upphaf 2. gr. laganna skal orða svo:

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd rikissjóðs allt að kr. 1800000 — einnar milljónar og átta hundruð þúsund króna — lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1943.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Vilhjálmur Þór.